



Nefndasvið Alþingis  
Samgöngunefnd Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 12. apríl 2012

**Frumvarp til umferðarlaga. Þskj. 1050 – 656 mál.**

(Lagt fyrir Alþingi á 140. Löggjafarþingi 2011 – 2012).

**Í frumvarpi til nýrra umferðalaga er ekki að finna skilgreiningu á reiðvegum eða neitt er varðar réttarstöðu ríðandi umferðar á skilgreindum reiðvegum, stígum eða slóðum og gerir Landssamband hestamannafélaga alvarlegar athugasemdir við að svo sé ekki.**

Fyrir um þrem áratugum varð að samkomulagi milli Landssambands hestamannafélaga ( LH ) og opinberra aðila s.s. Vegagerðarinnar og sveitarfélaga að færa ríðandi umferð af akvegum svo sem kostur væri. Samkomulagið var gert til þess að tryggja öryggi akandi og ríðandi umferðar, vegna aukinnar umferðar og hraða. Fjármagni er veitt af samgönguáætlun Alþingis til uppbyggingar reiðvega, sveitarfélögin leggja til fjármagn á móti og ómæld sjálfboðavinna hestamannafélag liggur að baki uppbyggingu reiðvega um land allt.

Segja má að bílar hafi ýtt hestinum út af akvegnum og á þessa reiðvegi sem ríki, sveitar- og hestamannafélög hafa verið að byggja upp. Annars konar vélknúin ökutæki þ.e. torfæru- og fjórhjól eru farin að aka í verulegu mæli eftir reiðvegnum og ýta hestinum af þeim. Spyrja má hvort samgöngunefnd Alþingis finnist þetta eðlilegt, og hvort ekki sé kominn tími til að verja stöðu hins íslenska gæðings á þeim reiðvegum sem ríki og sveitarfélög hafa verið að byggja upp með hestamönnum.

Benda má á að stöðug aukning er í hestamennsku ekki síst sem atvinnugrein, og að hestamennskan ásamt hestatengdri ferðaþjónustu er mikilvægur þáttur í tekju- og gjaldeyrisöflun þjóðarbúsins.

Slys og örkruml hafa hlotist af vegna aksturs vélknúinna ökutækja á reiðvegum, auk þess sem ökutækin, einkum torfæruhjól, valda miklum spjöllum á reiðvegnum.

*LH bendir á að oft eru börn og unglingar ein á ferð á hestum sínum í nágrenni hesthúsasvæða og við útmörk þéttbýlis, þá bregst fólk oft misjafnlega við aðsteðjandi hættum.*


Hestamönnum þykir þess vegna ótækt með öllu að vélknúin ökutæki, einkum torfæru- og fjórhjól skuli í sífellt auknu mæli aka eftir reiðvegum. Það verður því að rúmast í nýjum umferðarlögum ákvæði þess efnis að akstur vélknúinna ökutækja sé óheimill á reiðvegum, stígum og slóðum.

Í júlí 2009 voru drög að nýjum umferðarlögum kynnt af Samgönguráðuneytinu, **DRÖG 0709**, þar kom m.a. fram í 2.gr. *Skilgreiningar. Almennir stígar: Göngu-, hjóla- og reiðstígar sem ætlaðir eru til frjálsrar umferðar, annarra en ökutækja, og haldið er af fé ríkisins eða sveitarfélaga. Í skilgreiningu í sömu gr. á reiðvegi segir, Reiðvegur: Vegur sem sérstaklega er ætlaður til umferðar á hrossum, þar sem ökutæki eru óheimil.*

Þessar skilgreiningar taldi LH að þjónuðu hagsmunum hestamanna, en af óskiljanlegum ástæðum hafa þessar skilgreiningar fallið út úr frumvarpi til umferðarlaga sem nú hefur verið lagt fram.

LH hefur frá árinu 2006 margsinnis óskað eftir að ákvæði þessa efnis yrðu sett í umferðarlög, átt fundi með starfsmönnum Samgönguráðuneytis, nefnd sem fjallaði um breytingar á umferðarlögum og þrem samgönguráðherrum, nú síðast Ögmundi Jónassyni.

**LH hvetur Samgöngunefnd Alþingis að lagfæra þau atriði í frumvarpi til umferðarlaga þannig að réttarstaða ríðandi umferðar verði tryggð á reiðvegum landsins.**

  
Halldór H. Halldórsson  
formaður Samgöngunefndar LH